


Laxá á Ásum 1997

Tumi Tómasson

Hólum, maí 1998

VMST-N/98009



Veiðimálastofnun
Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453 6599
Fax: 453 6694

Laxá á Ásum 1997

Inngangur

Seiðastofnar Laxár á Ásum voru kannaðir með rafveiðum seinni hluta ágústmánaðar 1997. Jafnframt voru skoðaðir tveir veiðistaðir sem höfðu verið lagfærðir/endurgerðir milli Langhyls og Nautafljóts. Eftir veiðitíma var unnið að breytingum á búsvæði á um 1 km kafla fyrir neðan útfall Svínavatns og síðar voru grafin þar frjóvguð laxahrogn. Dagana 11-13 desember var unnið að veiðistaðagerð neðan til í ánni, í samræmi við tillögur sem settar voru fram eftir vettvangsskoðun 1996.

Áður en nánari grein verður gerð fyrir athugunum og framkvæmdum á árinu 1997 verður fjallað lítillega um veiðina sumarið 1997.

Veiðin 1997

Sumarið 1997 voru skráðir veiddir í Laxá alls 778 laxar. Þar af veiddust í Fremri Laxá 63 laxar, 57 smálaxar og 6 stórlaxar. Að auki veiddust þar tæplega 2400 urriðar. Veiðin í Fremri Laxá var góð miðað við veiði undanfarandi ára og laxveiði óx töluvert milli ára, eins og hátt hlutfall smálaxa gefur vísbendingu um.

Í Neðri Laxá veiddust alls 715 laxar, þar af 552 smálaxar og 163 stórlaxar. Þetta er um 14% aukning frá árinu á undan, en þó mun lakari veiði en gert hafði verið ráð fyrir. Hreistursýni voru tekin af 43 löxum. Eitt sýni reyndist ónýtt en niðurstöður aldursgreiningar hinna eru settar fram í Töflu 1. Gott samræmi er á niðurstöðum fyrir tveggja ára lax nú og eins árs lax í veiðinni 1996. Svo virðist sem hlutfall laxa með fjögurra ára ferskvatnsdöl sé að aukast og rúmur fjórðungur smálaxanna hefur dvalið fjögur ár í ferskvatni. Ekki fékkst samanburður við ferskvatnsaldur laxa úr Vatnsdalsá þessu sinni, en niðurstöðurnar nú benda þó til hins sama og árið á undan, þ.e. að ekki séu mikil brögð að því að lax úr Vatnsdalsá veiðist í Laxá á Ásum og öfugt, en þó má alltaf gera ráð fyrir að eitthvað geti verið um það.

Auk laxveiðinnar í Neðri Laxá voru þar skráðir veiddir 7 silungar, þar af 4 bleikjur og 3 urriðar. Einn þessara urriða hafði verið merktur í maí mánuði í Flóðinu í Vatnsdal. Ekki bárust upplýsingar um stærð hans, veiðidag né stað.

Tafla 1. Aldursgreining hreistursýna af löxum veiddum í Laxá á Ásum sumarið 1997.

Aldur í ferskvatni (ár)	Smálax (1 ár í sjó)		Stórlax (2 ár í sjó)	
	fjöldi	%	fjöldi	%
2	2	5	-	-
3	24	69	4	57
4	9	26	3	43
samtals	35	100	7	100

Ástand seiðastofna

Dagana 20 og 23-24/8 1997 var útbreiðsla vöxtur og árgangastyrkleiki seiða kannaður með rafveiðum á 12 stöðum, þar af 4 í Fremri Laxá. Þetta eru sömu staðir eða því sem næst og yfirléitt er rafveitt á, og er það gert til að auðvelda samanburð á milli ára. Staðirnir eru merktir inn á yfirlitskort af ánni (Mynd 1).

Niðurstöður rafveiðanna eru teknar saman í Töflu 2 og Myndum 2 og 3.

Tafla 2. Fjöldi veiddra laxa- og urriðaseiða á hverja 100 m² í rafveiðum í Laxá á Ásum 20., 23. og 24. ágúst 1997.

Staður (Nr.)	Stærð (m)	Fjöldi veiddra laxaseiða á 100 m ²				Fjöldi urriðaseiða á 100 m ²		
		0+	1+	2+	3+	0+	1+	2+
1	70x14	-	0.1	-	-	-	0.1	0.1
2	25x15	2.1	8.5	4.5	-	5.9	-	-
3	30x12	-	10.3	1.1	-	12.5	3.9	-
4	26x12	10.0	11.0	2.2	-	4.2	3.2	0.3
5	37x10	13.8	4.9	5.1	3.2	-	0.8	-
6	20x14	15.4	7.5	4.6	17.8	-	-	-
7	32x10	8.4	20.9	6.7	-	0.6	-	-
8	50x6	2.7	-	0.3	0.3	1.7	-	-
9	40x8	9.7	18.1	4.4	0.3	-	-	-
10	35x10	3.7	16.3	2.6	0.3	-	-	-
11	30x12	3.6	4.4	10.8	-	-	-	-
12	40x8	-	10.0	3.7	0.3	-	0.3	0.3

Í Fremri Laxá veiddust nær engin seiði á efsta kaflanum, þ.e. fyrir neðan útfall Svínavatns. Eftir samráð við veiðifélag Fremri Laxár og Rafmagnsveitur ríkisins var eftir veiðitíma ráðist í umbætur á svæðinu og þar síðan grafin frjónvuguð laxahrogn um haustið til að kanna mætti sumarið 1998 hvort líkur væru til að aðgerðirnar hefðu heppnast. Forsendum aðgerðanna og framkvæmd þeirra er lýst nánar í greinargerð til Rafmagnsveitu ríkisins, en þær stóðu að mestu leyti undir kostnaði við framkvæmdirnar. Greinargerðin fylgir með sem viðauki við skýrsluna.

Í Fremri Laxá fundust vorgömul laxaseiði einungis á stað 2. Þó er ekki loku fyrir það skotið að hrygning hafi átt sér stað annars staðar í ánni einnig, því seiði ná yfirleitt ekki að dreifa sér mikið frá hrygningarstaðnum fyrsta sumarið. Þó þykir mér meiri en jafnar líkur til að hrygning hafi ekki átt sér stað á neðsta kaflanum haustið 1996 og að dreifing árganga laxaseiða um Fremri Laxá sé enn fremur gloppótt.

Dreifing 1+ árgangsins er góð í Fremri Laxá, sem er í góðu samræmi við niðurstöður rafveiða sumarið 1996 og meira bar á 2+ seiðum þar nú en oft áður, en það er sá árgangur sem mun standa undir gönguseiðaframleiðslunni sumarið 1998.

Í Neðri Laxá fundust vorgömul laxaseiði á öllum rafveiðistöðunum utan þeim neðsta (staður 12). Greinilegt er því að hrygning haustið 1996 hefur náð um alla ána og átt sér stað í rafveituskurðinum (staður 8) einnig.

Þéttleiki vorgamalla seiða er mestur í fremri kafla árinna, milli rafveituskurðarins og Laxárvatns. Þau stóðu þéttast á stað 6, en þar var einungis tekinn hluti af þeim 0+ seiðum sem sáust í rafveiðinni. Mjög dregur úr þéttleika vorgamalla seiða neðar í ánni.

Útbreiðsla og þéttleiki 1+ og 2+ seiða fylgir svipuðu mynstri og oftast áður. Þó hefur seiðapþéttleiki heldur minnkað í neðsta hluta Laxár milli ára.

Vöxtur seiða (stærð við aldur) fylgir mjög sviðuðu mynstri og oftast áður. Seiðin við útfall Laxárvatns vaxa sérlega vel (staður 4), en síðan dregur jafnt og þétt úr vexti eftir því sem neðar dregur þar til komið er niður fyrir rafveituskurðinn. Vöxtur seiða er sýnu lakastur á stað 6, þ.e. fyrir framan rafveituskurðinn þar sem áhrifa Laxárvatns gætir minnst og seiðapþéttleiki er jafnframt mjög hár. Seiði eru þar almennt 4 ár að ná sjóþroska, en á sama tíma er gönguseiðaldur ekki nema 2 ár við útfall Laxárvatns.

Seiðavöxtur batnar mjög fyrir neðan útfall rafstöðvarinnar (staður 7), þar sem aftur gætir mikilla áhrifa frá Laxárvatni. Neðar dregur úr vexti seiða, en hann er síðan aftur betri á neðsta staðnum þar sem þéttleiki seiða er nú minni en oft áður.

Útbreiðsla og þéttleiki seiða í Neðri Laxá gefa ekki tilefni til að grípa til seiðasleppinga eða sérstakra ráðstafana til að auka hrygningu á einhverjum köflum árinna. Á kaflanum fyrir framan rafveituskurðinn er seiðavöxtur hins vegar svo hægur að framleiðslu geta þess nýtist ekki sem skildi til gönguseiðaframleiðslu.

Búsvæðagerð

Nokkuð hefur verið fjallað um búsvæðagerð í fyrri skýrslum og á s.l. ári var unnið meira að slíkum framkvæmdum en áður. Með búsvæðagerð er annars vegar átt við umbætur á uppeldisskilyrðum fyrir ungviði laxa í ánni, og hinsvegar um veiðistaðagerð, þ.e. legustaði fyrir fullorðna laxa. Gerð veiðistaða og umbætur á uppeldisskilyrðum geta farið saman.

Í viðauka er fjallað sérstaklega um aðgerðir sem ráðist var í við útfall Svínavatns haustið 1997. Þar var um að ræða aðgerðir sem miðuðu að umbótum á uppeldisskilyrðum. Í Neðri Laxá var einnig unnið að búsvæðagerð, en þar var aðaláherslan á gerð veiðistaða.

Veiðistaðirnir “Skotti” og “Tumi” sem gerðir voru undir leiðsögn bandaríks verkfræðings, Scott Wenger, vorið 1986 gáfust vel til að byrja með, en skemmdust svo og voru vart þekkjanlegir sem veiðistaðir eftir nokkur ár. Aðstæður þar voru sérstaklega kannaðar aftur sumarið 1996 og þá um haustið voru þessir tveir veiðistaðir endurgerðir. Lítið var reynt að veiða þar fyrir en haustið 1997, enda ekki gengið frá slóða að þeim fyrir en mjög var liðið á veiðitímann. Þótt einhver veiði hafi verið á þessum stöðum tel ég að ekki hafi tekist nógu vel til við endurgerð þeirra. Í báðum tilfellum eru þröskuldarnir þvert á ána og þeir eru jafnframt nokkuð jafnháir allstaðar, þannig að rennslið beinist ekki að miðju og því myndast ekki hylur fyrir neðan þá. Brýnt er að bætt verði úr þessu, enda er ljóst að hrygning er of mikil á þessu svæði. Þéttleiki seiða er þar það mikill að seiði þurfa fjögur ár í ánni áður en sjóþroska er náð. Ætla má að gönguseiðaframleiðsla sé um helmingi minni þar sem seiði eru fjögur ár í ferskvatni á móti því sem yrði ef einungis þyrfti þriggja ára ferskvatnsdvöl til að ná sjóþroska.


Um miðjan desember var ráðist í að lagfæra veiðistaðinn í Gilfljóti, en hann hefur gefið litla sem enga veiði í mörg ár. Þar var sett grjóthaft þvert yfir neðst á breiðuna til að hækka á hylnum, og jafnframt til að tryggja rennsli um vesturkvíslina og skapa þar með uppeldisskilyrði fyrir seiði í henni. Framkvæmdin gekk mjög vel, en ekki var þó hægt að átta sig nógu vel á hvort nóg hafi verið að gert, því íshella var yfir allri vesturkvíslinni á þeim tíma sem framkvæmdin átti sér stað.

Til stóð að gera nýjan veiðistað þar sem vesturkvíslin kemur aftur saman við aðalána, en þar reyndist botninn of harður til að hægt væri að vinna þar. Betri skilyrði voru skammt fyrir neðan Húnstaði, en þangað var hins vegar of langt að fara með grjótið sem flutt hafði verið að ánni. Því var brugðið á það ráð að gera veiðistað ofar í austurkvíslinni þar sem nokkuð háir og vel grónir bakkar eru að ánni. Gerðir voru tveir garðar yfir ána. Sá efri var hefðbundinn veiðistaðapröskuldur, sem myndar spíss upp í strauminn þar sem garðurinn er jafnframt lægstur. Þorvaldur Evensen fór á kostum með gröfu sína, sótti stór björg út í móana og raðaði steinum saman af einstakri snilld. Verði veiði á þessum stað legg ég til að hann verði nefndur “Evensen”. Neðri garðurinn var mun veigaminni og lagður þvert yfir ána. Hann var þó hafður lægstur í miðjunni til að halda streng í gegnum hylinn, en hans hlutverk var fyrst og fremst að hækka á hylnum, því botninn var mjög harður og þéttur og lítið hægt að grafa niður í hann. Þremur stórum steinum var komið


fyrir í hylnum til að skapa skjól fyrir laxinn, en slíkt hið sama var reyndar gert í Gilfljóti einnig.

Aðstæður til veiðistaðagerðar voru ekki eins góðar og fyrst var ætlað, en vonandi mun veiðistaðurinn þó þjóna hlutverki sínu. Við fórum hins vegar með gröfuna neðar í ána og skammt fyrir neðan Húnstaði er staður sem myndi henta mjög vel til hefðbundinnar veiðistaðagerðar, en þangað var of langt að flytja grjótið eins og áður sagði. Þangað væri hægt að koma að grjóti með því að aka niður afleggjarann að Húnstöðum og niður slóða sem liggur að ánni við bæinn. Reynist framkvæmdirnar sem ráðist var í í desember 1997 vel, tel ég að tvímælalaust ætti að bæta við tveimur veiðistöðum neðar og yrði sá efri þá við Húnstaði. Nægur straumur er á þessum kafla, allt niður í Húnavatn, þótt víðast sé malarbotn eða smágrýtt. Þröskuldar á þessu svæði myndu minnka botnskrið og bæta þar með uppeldisskilyrði, auk þess sem þar yrðu þá veiðistaðir. Með minna botnskriði mætti einnig með góðum árangri gera grjótaskjól fyrir seiði á milli veiðistaðanna og þannig enn bæta framleiðsluskilyrði fyrir lax.


Áður hefur verið fjallað um uppeldisskilyrði á kaflanum frá Sauðaneskvörn og niður undir Holt. Þar skiptast á staumminni breiður og hyljir og straummeiri brot. Víða eru brotin tiltölulega skjóllitil (t.d. þar sem er rafveiðistaður nr. 10) og þar mætti með tiltölulega litlum aðgerðum bæði bæta uppeldisskilyrði og líkleg legustaði fyrir lax einnig, með því að gera þar grjótaskjól. Þótt umbætur á búsvæðum séu kostnaðarsamar ætti hagkvæmni þeirra smám saman að aukast eftir því sem mönnum vex reynsla og þekking á þessu sviði.




Mynd 1. Yfirlitskort af Laxá á Ásum. Rafveiðistaðir í ágúst 1997 eru merkir inn á kortið.




Mynd 2. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í rafveiðum í Laxá á Ásum 20-24/8 1997.



Mynd 2. frh. Lengdar- og aldursdreifing laxaseiða í rafveiðum í Laxá á Ásum 20-24/8 1997.



Mynd 3. Lengdar- og aldursdreifing urriðaseiða í rafveiðum í Laxá á Ásum 20-24/8 1997.



Veiðimálastofnun Norðurlandsdeild

Hólum í Hjaltadal
551 Sauðárkrókur
Sími: 453-6599
Fax: 453-6694

Fiskrækt - Fiskeldi - Rannsóknir - Ráðgjöf

21 október 1997

Haukur Ásgeirsson, umdæmisstjóri
Rafmagnsveitur ríkisins
Ægisbraut 3
540 Blönduós

**Málefni: Umbætur á búsvæðum fyrir seiði í Laxá á Ásum á um 1 km
kafla fyrir neðan Svínavatn (Fremri Laxá).**

Frá árinu 1985 hefur Norðurlandsdeild Veiðimálastofnunar kannað ástand seiðastofna í Laxá á Ásum flest árin. Allt frá byrjun hefur verið bent á að um 1 km kafla fyrir neðan Svínavatn nýtist mjög lítið til seiðauppeldis, en að öllu eðlilegu ætti seiðabúskapur fyrir neðan útfall stöðuvatns að vera mjög gróskumikill. Þetta ástand má rekja til rennslismiðlunar almennt og þó sérstaklega til rennslistruflana að vetrinum. Þessar truflanir verða þótt opnun lokunnar sé haldið eins allan veturinn. Svo virðist sem tímabundið vatnsleysi í miklum frostum eyði seiðum á þessu svæði. Slíkt ástand þarf ekki að skapast á hverju ári til að koma í veg fyrir alla gönguseiðaframleiðslu hjá laxi því seiðin eru 3-4 ár í ánni áður en þau ná sjóþroska.

Breidd árinna á umræddu svæði er um 20 m að meðaltali og ætti það því að geta framleitt um 1-2000 gönguseiði á ári, sem gæfi af sér 20-100 laxa veiði á ári miðað við 2-5% heimtur úr hafi. Það skiptir því miklu máli að þetta svæði nýtist til seiðaframleiðslu eins og það hefur burði til.

Snemma árs 1997 fór Veiðifélag Fremri Laxár fram á að Rafmagnsveitur ríkisins í samráði við Veiðimálastofnun myndu vinna að því að tryggja bætt uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði í Laxá fyrir neðan Svínavatn. Vel var brugðist við þessari málaleitan. Hér að neðan er gerð grein fyrir því sem gert hefur verið síðan.

Þann 27/5 fór undirritaður ásamt Hauki Ásgeirssyni í vettvangsskoðun. Við reyndum að átta okkur á hvaða möguleikar væru til þess að tryggja rennsli að vetrinum og hugsanlegar orsakir krapastíflu í útfallinu. Þann 21/8 var seiðabúskapur og búsvæði á svæðinu kannað betur. Ekki fundust nein seiði á svæðinu. Jafnframt var ljóst að botninn var mjög gróinn og tiltölulega sléttur, en fyrir um 20 árum var þar smágrýtt brot.

Svo virðist sem að í miklum frostum geti myndast grunnstingull í útfallinu og það jafnvel stíflast um skamman tíma. Við slíkar aðstæður er ekki hægt að hreyfa lokuna, því hún er þá frosin föst. Hugsanlega mætti koma í veg fyrir að slíkt gerðist með því að einangra lokuna, en talið er að hún hafi upphaflega verið einangruð. Það virðist vera mjög kostnaðarsamt og tæknilega erfitt að tryggja lágmarksrennsli í ánni með öðrum hætti.

Langvarandi miðlun hefur þau áhrif að árbotninn sléttist smám saman og verður einsleitur. Þar verður því fremur skjóllítið fyrir seiði og lítið um pytti og smugur í botninum þar sem seiði og annað dýralíf getur fundið sér athvarf þegar tekur tímabundið fyrir rennsli.

Talið var að draga mætti úr hættu á rennslistruflunum með því að einangra lokuna og jafnframt að draga mætti verulega úr áhrifum slíkra atburða með því að gera þröskulda í árbotninn sem myndu koma í veg fyrir þornun þó rennsli stöðvaðist um skamman tíma. Þessar hugmyndir voru kynntar á fundi með stjórn Veðifélags Fremri Laxár sem haldinn var að Kagaðarhóli 8/9 1997. Þar var samþykkt að reyna þessar aðgerðir og að jafnframt skyldi grafa frjóvguð laxahrogn á svæðinu um haustið til að síðar mætti fylgjast með hvort aðgerðirnar bæru árangur.

Í september létu Rafmagnsveitur ríkisins einangra lokuna og 17. september vann ýta í ánni allan daginn. Upphaflega hafði verið gert ráð fyrir að styrkja þröskuldana með aðfluttu grjóti, en það reyndist ógerlegt sökum bleytu. Eftir að hafa prófað okkur áfram var loks ýtt upp lágum gördum þvert yfir ána með um 50-70 m millibili og var efninu ýtt af um 10 m kafla fyrir neðan hvern garð. Síðan var botninn á milli garðanna rifinn upp með tönnum eða ripper sem er aftan á ýtunni. Við þetta varð yfirborð botnsins hrjúfara og gljúpara. Unnið var á tæplega 1 km kafla fyrir neðan stífluna, en þó var sleppt úr kafla þar sem var veiðistaður.

Sama dag og unnið var með ýtunni kom ég með kistu úr vatnsheldum krossviði til að geyma í klaklax. Flosi Ólafsson og fleiri veiddu síðan 10 fiska í Langhyl sem er ofarlega í Ytri Laxá á Ásum og fluttu upp eftir. Sex settu þeir í nýju kistuna og fjóra í aðra eldri sem var fyrir ofan Hamrakot. Alls voru þarna fimm smálaxahængir, þrjár smálaxahrygnur og tvær stórlaxahrygnur. Þann 11/10 kannaði ég ástand klakfiska og var önnur stóra hrygnan tilbúin. Tveimur dögum síðar var hún kreyst og hrognin frjóvguð með svilum úr þremur hængum. Alls fengust um 1.7 l af hrognum eða 13-18 000 hrogn. Voru þau grafin á 7 stöðum niður eftir ánni, á því svæði sem unnið hafði verið á.

Þann 17/10 athugaði síðan Flosi Ólafsson þær hrygnur sem eftir voru og tók hrogn úr hinni stóru hrygnunni með keisaraskurði. Hrognin voru aðeins að hluta til laus og áætlað Flosi að um helmingur hafi frjóvgast. Voru þau hrogn grafin á 4 stöðum niður eftir ánni, en nær austurlandinu en í fyrra skiptið. Að því loknu var þeim löxum sem eftir voru sleppt skammt fyrir neðan stífluna,

en einn smálaxahængur náðist aldrei úr kistunni við Hamrakot. Alls var því sleppt sjö smálöxum þennan dag, en áður hafði hrygnunni sem kreyst var fyrst einnig verið sleppt. Þessir átta laxar voru merktir með dökkgrænum slöngumerkjum sem stundið var í bakuggarótina vinstra megin. Merkin eru með hvítum númerum:

IS 65490	72 cm hængur
IS 65492	62 cm hrygna
IS 65493	60 cm hrygna
IS 65494	66 cm hængur
IS 65495	63 cm hængur
IS 65496	64 cm hængur
IS 65497	59 cm hrygna
IS 65498	78 cm hrygna (kreyst)

Gert er ráð fyrir að aðstæður verði aftur kannaðar sumarið 1998 og þá metið hvaða líkur séu til að þær aðgerðir sem nú hafa verið framkvæmdar geti tryggt viðunandi seiðauppeldi í Laxá fyrir neðan Svínavatn.

Tumi Tómasson
fiskifræðingur

Afrit sent: Stefán Á. Jónsson, form. veiðifélags Fremri Laxár á Ásum
Jón Ísberg, form. Veiðifélags Ytri Laxár á Ásum
Flosi Ólafsson, Reykjavík